


Umhverfisstofnun
<i>B5</i>
03 MARS 2006
54.52
Tilv. UST20060200064



Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Iceland

tel: (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 1. mars 2006
Tilvisun: UST20060200064/bs

Krísuvíkurvegur, frá Reykjanesbraut að Hraunhellu, Hafnarfirði. Fyrirspurn um matsskyldu

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 9. febrúar sl. þar sem óskað er álits Umhverfisstofnunar á matsskyldu ofangreindrar framkvæmdar.

Um er að ræða 450 m kafla á norðurhluta nýs Krýsuvíkurvegar ásam 400 m tímabundinni hjáleið að Bikhellu.

Fyrirhugað framkvæmdarsvæði er í Kapelluhrauni sem nýtur verndar skv. 37.gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Kapelluhrauni hefur þegar verið raskað á stórum svæðum sunnan Reykjanesbrautar og liggur fyrirhugað vegstæði á milli svæða sem nú þegar hafa verið tekin undir byggð og iðnaðarsvæði.

Í umfjöllun um hljóðvist kemur fram að hljóðstig í íbúðabyggð verði við þau mörk sem sett eru í reglugerð nr. 933/1999 og að farið verði út í viðeigandi mótvægisáðgerðir vegna hávaða ef ástæða þykir til.

Umhverfisstofnun telur því ekki að fyrirhuguð framkvæmd muni ein og sér hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Stofnunin telur hins vegar að fjalla eigi um 1. áfanga Krýsuvíkurvegar við mat á umhverfisáhrifum vegna breikkunar Reykjanesbrautar og meta umhverfisáhrif þeirra sameiginlega, þar sem um er að ræða framkvæmdir með samliggjandi áhrifasvæði og svipaðan framkvæmdatíma.

Virðingarfylgst
Björn Stefánsson
 Björn Stefánsson

Helgi Jónsson
Forstöðumaður